

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytis.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneyti starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands, með síðari breytingum, og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 3 frá 1. febrúar 2004. Samkvæmt lögnum kveður ráðherra á um skiptingu ráðuneytisins í skrifstofur og starfsdeildir eftir verkefnum.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

- Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra, sem setur honum erindisbréf. Ráðherra felur einum skrifstofustjóra ráðuneytisins að vera staðgengill ráðuneytisstjóra.
- Með ráðherra starfar aðstoðarmaður og eftir atvikum ráðunautar við sérstök verkefni.
- Skrifstofu eða sviði ráðuneytis stýrir skrifstofustjóri og starfsdeild deildarstjóri undir umsjón ráðuneytisstjóra.
- Sérfræðingar starfa innan einstakra skrifstofa eða sviða. Sama gildir um annað starfslið. Skrifstofustjórum er sett erindisbréf en deildarstjórum og sérfræðingum er sett starfslýsing.

Ráðuneytið starfar sem ein heild og skiptist í þrjár skrifstofur og fjögur svið. Skrifstofurnar eru skrifstofa menningarmála, skrifstofa menntamála og skrifstofa vísinda. Hin fjögur svið eru fjármálasvið, lögfræðisvið, mats- og greiningarsvið og upplýsinga- og þjónustusvið. Ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofa og sviða. Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjórar sjá um miðlun upplýsinga til ráðherra.

Verkefni skiptast milli sviða og skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Fjármálasvið fer með málefni sem varða fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, áætlanagerð vegna rekstrar, stofnkostnaðar og tilfærslna sem tengjast aðalskrifstofu ráðuneytisins og undirstofnunum og fjárlagaliðum sem ráðuneytinu tilheyrja. Fjármálasvið hefur umjón með samningagerð um fjárhagsmálefni og framkvæmdir á vegum ráðuneytisins. Jafnframt því hefur fjármálasvið umsjón með fjárreiðum og rekstri aðalskrifstofu ráðuneytisins og annast framkvæmd kjarasamninga fyrir aðalskrifstofu ráðuneytisins.

Lögfræðisvið undirbýr ákvarðanir um lögfræðileg málefni og veitir lögfræðilega ráðgjöf innan ráðuneytisins. Lögfræðisvið hefur yfirumsjón með samningu lagafrumvarpa og reglugerða og undirbúning stjórnisýsluúrskurða, auk þess sem það fer með samskipti við skrifstofu Alþingis. Lögfræðisvið hefur af hálfu ráðuneytisins umsjón með lögformlegri framkvæmd EES-samningsins og alþjóðlegra samninga sem ráðuneytið fer með aðild Íslands að. Sviðið fer með starfsmannamál stofnana sem heyra undir ráðuneytið eftir því sem við á, þ.m.t. skipun forstöðumanna.

Mats- og greiningarsvið ber ábyrgð á framkvæmd gæðamats og eftirliti með gæðastarfi í menntastofnunum á öllum skólastigum eins og mælt er fyrir um í lögum og reglugerðum, þ.m.t. mati á rannsóknum í háskóla- og rannsóknastofnunum. Mats- og greiningarsvið vinnur jafnframt að þróun aðferða við gæða- og árangursmat fyrir alla starfsemi sem heyrir undir ráðuneytið, þ.m.t. á sviði menningarmála. Í því skyni að tryggja yfirsýn og undirbyggja almenna stefnumótun í málaflokkum sem ráðuneytið fer með annast mats- og greiningarsvið, í nánú samstarfi við aðrar skrifstofur og svið, öflun og úrvinnslu þeirra gagna og upplýsinga sem við á hverju sinni.

Upplýsinga- og þjónustusvið hefur umsjón með upplýsingamiðlun og útgáfumálum á vegum ráðuneytisins, skjala- og gagnastjórn. Undir starfsemi upplýsinga- og þjónustusviðs fellur einnig móttaka ráðuneytisins, innkaup og sameiginleg þjónusta. Sviðið fer með starfsmannamál ráðuneytisins, þ.m.t. endurmenntun og starfsþróun. Það sinnir jafnframt verkefnum sem lúta að því að móta og bæta starfsumhverfi og almenna starfshætti innan ráðuneytisins.

Skrifstofa menningarmála undirbýr mótun menningarstefnu, hefur umsjón með framkvæmd hennar og annast almenna stjórnsýslu á sviði menningarmála. Þar er m.a. fjallað um málefni lista og menningararfs, fjölmiðlamál og mál er varða íþróttá- og æskulýðsstarfsemi. Á verksviði skrifstofunnar er m.a. samskipti við opinberar menningarstofnanir og söfn, sveitarfélög, íþróttahreyfingar og önnur félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Skrifstofan hefur ennframt umsjón með opinberum stuðningi við lista- og menningarlíf, þ. á m. starfrækslu sjóða til stuðnings listum og menningarstarfi.

Skrifstofa menntamála undirbýr mótun menntastefnu, hefur umsjón með framkvæmd hennar og annast almenna stjórnsýslu á sviði menntamála. Skrifstofan fjallar um menntakerfið í heild, þ.e. málefni leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigs auk símenntunar og námsstyrkja. Skrifstofa menntamála hefur jafnframt frumkvæði í þróun nýjunga í skólastarfi, þ.m.t. varðandi fjarkennslu og útgáfu námsgagna. Skrifstofan hefur ábyrgð á námskrárgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólastig.

Skrifstofa vísindamála annast almenna stjórnsýslu á sviði vísinda- og rannsóknamála innan ráðuneytisins. Þar fer fram undirbúningur og ráðgjöf vegna stefnumótunar í vísinda- og rannsóknámálum á vegum vísinda- og tækniráðs, auk þess sem almenn umsjón með málefnum ráðsins er á höndum skrifstofunnar. Skrifstofa vísindamála hefur umsjón með starfi vísindanefndar og annast samþættingu málefna sem lúta að vísinda- og rannsóknastarfsemi við mótun og framkvæmd menntastefnu.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 345/2003 um skipulag menntamálaráðuneytis.

Menntamálaráðuneytinu, 12. janúar 2006.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.